

Svona skalt þú taka sýni

Lýsing

Þú tekur sýnið **innan 5 daga fyrir slátrun**, ef ætlunin er að dreifa afurðum hópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Safnsýnið er samansett úr **10 sýnum** af nýjum saur, minnst 25g samtals, óháð stærð fuglahópsins. Saur sýnin skulu tekin **víðsvegar** úr eldishúsinu og sett í nýtt hreint ílát. Við sýnatökur skalt þú nota einnota hanska.

Þú sendir safnsýnið á rannsóknastofu ásamt upplýsingum sem óskað er eftir á [eyðublaði](#) sem Matvælastofnun gefur út, og eftirtaldir upplýsingar skulu a.m.k. koma fram:

- Sendandi sýnis = sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis og greiðandi sýnis, ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps
- Fuglategund
- Ástæða rannsóknar (t.d. skv. áætlun um eftirlit með kampylóbakter í alifuglum / vegna innra eftirlits fyrirtækis / önnur ástæða)

Þú skalt senda sýnið á rannsóknastofu innan við 24 klst. frá sýnatöku. Ef það er ekki er hægt skalt þú kæla sýnið og senda það kælt við 2-8°C á rannsóknarstofu innan við 48 klst. frá sýnatöku.

Sýnin mega hvorki frjóska né vera meðhöndluð á þann hátt að það hafi áhrif á niðurstöður rannsókna.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Tússpenni / límmiðar
- Rannsóknareyðublað
- Kassi til sendingar

Þessar leiðbeiningar eru gefnar út í samræmi við [áætlun um eftirlit með kampylóbakter í alifuglum](#).

Útgáfudagur: 29. júní 2012